
Viðbragðsáætlun vegna slysa á skólalóð

MINNIHÁTTAR SLYS

Sá starfsmaður skóla sem kemur fyrstur á vettvang tekur að sér stjórn. Stjórn felst í því að sjá til þess:

- Að þeim slasaða sé sinnt.
- Að kallað sé á hjálp.
- Að tekin sé stjórn á vettvangi.

1. Hjúkrunarfræðingur látinn vita og hann fyllir út slysaskráningarblað.
2. Skólastjórnendur eru látnir vita, þeir virkja áfallaráð ef með þarf.
3. Skólastjórnendur/umsjónarkennari láta forráðamenn viðkomandi nemenda vita.
4. Farið er yfir staðreyndir málsins með kennurum og starfsfólki skólans.
5. Umsjónarkennarar ræða við nemendur um slysið, áfallaráð virkjað ef með þarf.

ALVARLEGT SLYS

Sá starfsmaður skóla sem kemur fyrstur á vettvang tekur að sér stjórn. Stjórn felst í því að sjá til þess:

- Að hringt sé í 112
- Að þeim slasaða sé sinnt.
- Að kallað sé á fleiri til aðstoðar.
- Að tekin sé stjórn á vettvangi.

1. Slys tilkynnt (112).
2. Skólastjórnendur safna staðreyndum um slysið. Ef slys verður í skólaferð sjá umsjónarmenn ferðarinnar um þann þátt og upplýsa skólastjórnendur jafnóðum um gang mála.
3. Skólastjórnendur virkja áfallaráð.
4. Skólastjórnendur eða aðrir aðilar úr áfallaráði tilkynna foreldrum/forráðamönnum viðkomandi nemenda um atburðinn.
5. Farið er yfir staðreyndir málsins með kennurum og starfsfólki skólans.
6. Skólastjórnendur í samráði við áfallaráð ákveða hvernig tilkynningu til foreldra/forráðamanna bekkjar- eða skólafélaga skal háttað.
7. Áfallaráð ásamt umsjónarkennara ræðir við og vinnur með nemendum í einstaka bekkjum sem tengjast málinu.